



Ég hef alltaf haft gaman af að horfa á hlutina í samhengi, segir Börkur Arnarson. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Verk eftir átta listakonur eru á sýningu sem nú stendur yfir í i8 Galleríi. Listakonurnar eru: Margrét H. Blöndal, Ásgerður Búadóttir, Eyborg Guðmundsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Arna Óttarsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Karin Sander og Júlíana Sveinsdóttir.

Börkur Arnarson, eigandi i8, segir að hugmyndarinnar að sýningunni megi leita til tveggja verka eftir Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá sem eru í eigu gallerísins. „Mig hafði lengi langað til að setja þau á sýningu og svo kom rétti tíminn. Þegar Ásgerður Búadóttir var á lífi sýndum við tvisvar verk eftir hana og þar er viss tenging við verk Kristínar. Í Berlín sá ég nýtt verk eftir Karin Sander, en hún er listakona sem við í i8 vinnum með. Þarna voru gömul verk og nýtt verk sem kölluðust á og hugmynd að sýningu kviknaði. Ég hef alltaf haft gaman af að horfa á hlutina í samhengi og þarna sjáum við móðernismann í samhengi við daginn í dag. Verkin úr samtímanum ríma við verk Ásgerðar, Kristínar, Eyborgar og Júlíönu, en eru ekki gerð út frá sömu forsendum,“ segir Börkur.

Arna Óttarsdóttir er yngsti listamaðurinn á sýningunni en 99 ár eru á milli fæðingardags hennar og Júlíönu Sveinsdóttur. Verk Örne Óttarsdóttur er tileinkað bandarísku listakonunni Agnesi Martin. Verk Eyborgar eru sömuleiðis verk sem ekki margir hafa séð, en haldin

Móðernismi og dagurinn í dag

Í i8 Galleríi stendur yfir sýning á verkum átta listakvenna. Ný verk ríma við eldri verk á sýningu sem virkar sem heild.



Séð yfir sýningarsalinn. Verk eftir Rögnu Róbertsdóttur er í forgrunni.

var yfirlitssýning á verkum hennar á Kjarvalsstöðum fyrr á þessu ári.

Þýska listakonan Karin Sander er í hópi listakvennanna, en hún bar sigur úr bytum í samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð í byrjun þessa árs, en þar komu pálmatré mjög við sögu, og miklar umræður

sköpuðust um hugmyndir hennar. Á þessari sýningu sýnir hún gervi-grasvöll. „Þetta verk Karenar er eins og klippt úr fótboltavelli, þetta er vítateigur sem á þessum stað er orðinn eins og málverk frá árunum 1950-60 og er þar með farið að tala við hin verkin,“ segir Börkur.



Verk eftir Kristínu Jónsdóttur.

ÞARNA VORU GÖMUL
VERK OG NÝTT VERK
SEM KÖLLUÐUST Á OG HUG-
MYND AÐ SÝNINGU KVIKNADI.

Margrét Blöndal gerði verk sérstaklega fyrir þessa sýningu. „Teikningar Margrétar eru skúlptúrar og skúlptúrarnir hennar eru teikningar. Hér sýnir hún skúlptúra í þrívídd sem eru um leið miklar teikningar. Eftir að hafa séð öll hin verkin vann hún sín verk inn í þetta rými,“ segir Börkur.

Um þessa áhugaverðu sýningu segir Börkur: „Við vitum að þessi verk eru frábær, en við ætluðum okkur líka að láta sýninguna virka sem heild.“ – Og það gerir hún sannarlega.

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

28. ÁGÚST 2019

Viðburður

Hvað? Spjall með ættingjum listakvenna

Hvenær? 12.15

Hvar? Gerðarsafn

Gestum er boðið í spjall við vini og ættingja listamannanna Valgerðar Briem, Gerðar Helgadóttur og Barböru Árnason sem allar eiga verk á sýningunni Útlínu í Gerðarsafni. Listakonurnar settu sinn svip á íslensku myndlistarsenuna og munu ættingjar og fulltrúar þeirra setja verkin á sýningunni í persónulegt samhengi.



Áhugi Trumps Bandaríkjaforseta á Grænlandi vekur heimsathygli.

Fyrirlestur

Hvað? Fyrirlestur um norðurslóðir

Hvenær? 12.00-13.00

Hvar? Norræna húsið

Hvað þýðir aukinn áhugi Bandaríkjanna á Grænlandi fyrir Ísland, samband Grænlands við Danmörku og öryggishagsmuni ríkja á norðurslóðum?

Fundarstjóri er Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins.

Streymt verður frá viðburðinum sem fer fram á ensku og er opinn öllum.

Tónleikar

Hvað? Lokatónleikar

Hvenær? 12.00

Hvar? Hallgrímskirkja

Lokatónleikar Schola cantorum í sumartónleikaröð Alþjóðlega orgelsumarsins. Flutt verður dagskrá sem spannar lítróf frá miðöldum á Íslandi til vorra daga með viðkomu í íslenskum tvísöng auk þess sem nokkrar glæsilegar og þekktar perlu evrópskra tónbókmennta verða teknar til kostanna. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Miðaverð er 2.700 kr. og fer miðasala fram á midi.is og í kirkjunni klukkutíma fyrir tónleika.

Sýningar

Hvað? Afmælisýning

Hvenær? 17.00-20.00

Hvar? Gróskusalurinn, 2. hæð,

Garðatorgi 1 í Garðabæ
Kamma Nielsdóttir opnar afmælisýningu á listaverkum úr þæfðri ull, gleri og keramik. Við opnunina býður Kamma jafnframt til tvöfaldrar stórafmælisveislu með tengdadóttur sinni, Mariu Magnúsdóttur, sem varð 40 ára þann 2. júlí síðastliðinn. Samanlagt verða þær því 120 ára.